

Stübing gegn Þýskalandi

Dómur frá 12. apríl 2012

Mál nr. 43547/08

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Kynferðissambönd. Refsingar við kynmökum systkina.

1. Málsatvik

Kærandi, Patrick Stübing, er þýskur ríkisborgari, fæddur árið 1976 og búsettur í Leipzig. Hann var ættleiddur þegar hann var þriggja ára gamall og hafði ekkert samband við líffræðilega fjölskyldu sína þar til árið 2000. Í kjölfarið komst kærandi að því að hann ætti systur sem fæddist árið 1984. Eftir að móðir kæranda lést í desember árið 2000 varð samband systkinanna nánara. Árin 2001 til 2005 bjuggu systkinin saman og eignuðust fjögur börn. Kærandi var í nóvember árið 2005 dæmdur í héraðsdómi til eins árs og tveggja mánaða fangelsis fyrir sifjaspell. Niðurstaðan byggði að hluta á álitum sérfræðivitis þar sem fram kom að systir kæranda þjáðist af persónuleikaröskun og væri háð kæranda. Með vísan til þess varð ekki séð að hún gæti borið ábyrgð á gerðum sínum og því var henni ekki gerð refsing. Afryjunardómstóll staðfesti dóminn. Kærandi lagði í kjölfarið fram kæru til stjórnlagadómstóls Þýskalands vegna sakfellingarinnar. Þann 26. febrúar 2008 komst stjórnlagadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn stjórnarskrárvernduðum rétti kæranda. Dómstóllinn taldi að umrædd ákvæði hegningarlaga brytu ekki gegn friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Ýmsar ástæður væru að baki því að refsa einstaklingum fyrir sifjaspell. Helstu rökinn fyrir því að banna sifjaspell og sambönd systkina væru vernd fjölskyldunnar. Þar að auki var nauðsynlegt að vernda sjálfsákvörðunarrétt einstaklinga og koma í veg fyrir að börn fæddust með erfðagalla en miklar líkur væru á því að erfðagallar kæmu fram í afkvæmum systkina.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að sakfelling hans hefði falið í sér brot á rétti hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn útilokaði ekki að sakfelling kæranda kynni að hafa haft áhrif á fjölskyldulíf hans. Þá hafði sakfellingin óumdeilanlega falið í sér skerðingu á einkalífi kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Niðurstaða þýskra dómstóla hafði byggt á ákvæðum hegningarlaga sem bönnuðu kynmök systkina. Tilgangur löggjafarinnar var sá að vernda siðferði og réttindi almennings. Sakfellingin hafði því þjónað lögmætu markmiði í samræmi við 8. gr. sáttmálans. Dómstóllinn áréttaði að þýsk yfirvöld hefðu vítt svigrúm til mats þegar kæmi að því hvernig taka ætti á kynferðislegum samböndum systkina. Aðildarríki Evrópuráðsins höfðu ólíkar reglur varðandi slík tilvik. Hins vegar var slíkt athæfi refsivert í meirihluta aðildarríkja. Þar að auki bönnuðu öll aðildarríki ráðsins giftingar systkina. Það var því breið samstaða meðal aðildarríkja um að kynferðislegt samneyti systkina væri hvorki löglegt né samfélagslega viðurkennt. Ekkert benti til þess að stefnubreyting hefði orðið í þessum málum eða fyrirhugað væri að lögleiða umrædda háttsemi. Stjórnlagadómstóll Þýskalands hafði farið yfir helstu rök með og á móti refsíábyrgð vegna sifjaspella og komist að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt væri að refsa einstaklingum fyrir slík brot. Kynferðisleg sambönd systkina fælu í sér ógn við fjölskyldusamsetningu þjóða og samfélagið í heild sinni auk þess sem hætta væri á að börn systkina fæddust með erfðagalla. Dómstóllinn taldi að dómur sakadóms hefði verið sanngjarn í ljósi þeirra hagsmuna sem í húfi voru. Með hliðsjón af því komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.